

Kæru þjóðfræðinemar !

Nú styttist í Þorrann og allt sem honum tilheyrir. Ómissandi liður í lífi hvers þjóðfræðinema er hið árlega þjóðdansánámskeið og þorrablótið sem yfirleitt fylgir í kjölfarið. Ekki er komin föst tímasetning á dansnámsskeiðið en nokkuð öruggt að það verður innan tveggja vikna. Hafið því augu og eyru opin fyrir nánari tilkynningum um það mál. Áhugasömum er bent á að makar eru sérstaklega velkomnir í dansinn.

Þegar við þykjumst vera orðin sæmilega fótafim er flautað til heljarinnar þorrablóts. Það á að halda hinn 8. febrúar í matsal SVR. við Kirkjusand og kunnum við þeim Strætóstjórum bestu þakki fyrir húsnæðið. Miðaverð er aðeins 1200 kr. fyrir þá sem greitt hafa félagsgjöldin og þeirra maka, en 1900 fyrir aðra.

Þorrablótið krefst heilmikils undirbúnings og er öll aðstoð við hann vel þegin.

Ekki þýðir að leggjast í dvala eftir þorrablótið. Á Góunni ætlum við að vera á menningarlegu nótonum og bregða okkur í stutta vísindaferð. Upp hefur komið hugmynd að heimsækja Ferðamálaráð en í tengslum við það eru taldir góðir atvinnumöguleikar fyrir þjóðfræðinga. Sú ferð verður væntanlega auglýst nánar þegar þar að kemur.

Þá er komið að rúsinunni í pylsuendanum... til að þreyja þorrann og góuna þurfum við pening kæru þjóðfræðinemar og hann fáum við úr vasa hvers annars í formi félagsgjalda. Nokkrir eru þegar búnir að borga og ættu þeir að vera lausir undan ágengum fégræðgi-glampanum í augum okkar stjórnarkvenna. En betur má ef duga skal og viljum við hvetja sem flesta til að borga félagsgjöldin, 1500kr. sem fyrst.

Gjaldkeraraunir

Ef féhirslur tæmast, þá fölnar mitt vald

þó fögrum titli flíki.

En ef þú borgar uppsett gjald

áttu himnaríki

Staða ritara er laus til umsóknar fyrir áhugasama. Starfið er skemmtilegt og gefandi en launakjör ritara, eins og annarra stjórnarmanna eru ánægjan ein. Frekari upplýsingar fást hjá Berglindi eða Huldu.

Stjórn Þjóðbrókar

Berglind Ósk Kjartansdóttir, formaður

Björk Bjarnadóttir, settur ritari

Hulda Sigurdís Þráinsdóttir, gjaldkeri